

AUGLÝSING

um skipulag í Vatnsleysustrandarhreppi í Gullbringusýslu.

Að fengnum tillögum skipulagsstjórnar ríkisins hefur ráðuneytið samkvæmt heimild í 4. gr. 2. mgr. skipulagslaga nr. 19/21. maí 1964 ákveðið, að ákvæði skipulagslaga nr. 19/1964 skuli ná til Vatnsleysustrandarhrepps í Gullbringusýslu að undanteknum nauðsynlegum byggingum vegna búrekstrar á lögbýlum.

Þetta er birt til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 29. janúar 1975.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Guðmundur Karl Jónsson.

Nr. 34.

30. janúar 1975.

SAMÞYKKT

Veiðifélagsins Orra, sem er veiðifélag um vatnasvæði Laxár á Ásum, Laxárvatns, Fremri-Laxár, Svínavatns, Svínadalsár og Sléttár.

1. gr.

Félagið heitir Orri.

Heimili þess og varnarþing er á heimili formanns hverju sinni.

2. gr.

Félagið starfar í þremur deildum fyrst um sinn, og nær til allra jarða, sem land eiga að vatnasvæði Laxár á Ásum, Laxárvatns, Fremri-Laxár, Svínavatns, Svínadalsár og Sléttár.

1. Laxárdeild, um Laxá á Ásum.
2. Laxárvatnsdeild, um Laxárvatn og Fremri-Laxá.
3. Svínavatnsdeild, um Svínavatn, Svínadalsá og Sléttá og vatnasvæði þeirra.

3. gr.

Verkefni félagsins er að stunda fiskirækt á félagssvæðinu, og skipuleggja nýtingu vatnasvæðisins, að því er tekur til allrar veiði.

4. gr.

Stjórn félagsins skipa 5 menn og jafnmargir til vara. Formaður hvernar deildar og 2 kosnir á aðalfundi til tveggja ára í senn, en gangi úr sitt árið hvor. Varamenn eru varaformenn hvernar deildar og 2 varamenn kosnir af aðalfundi á sama hátt og aðalmenn. Stjórnin skiptir með sér verkum. Enginn félagsmaður getur skorast undan kosningu, nema sérstök forföll hamli, eða hann hafi setið í stjórn s. l. tvö ár. Eigi mega vera fleiri en tveir menn úr sömu deild í stjórn samtímis.

Aðalfundur kys tvo aðalendurskoðendur og tvo til vara til tveggja ára í senn, þannig að annar aðal- og annar vara-endurskoðandinn verði kosnir árlega.

Fela má endurskoðunarskrifstofu tölulega endurskoðun.

5. gr.

Stjórnin hefur á hendi allar framkvæmdir félagsins á milli aðalfunda, falli þær ekki undir deildirnar.

Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefur yfirumsjón með öllum störfum þess.

6. gr.

Aðalfund félagsins skal eigi halda síðar en í mars mánuði ár hvert. Þar skýrir stjórnin frá störfum félagsins á liðnu ári og leggur fram tillögur um starfsemi þess á yfirstandandi ári. Þá skal hún leggja fram endurskoðaða reikninga félagsins, og úrskurðar aðalfundur þá.

7. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Stjórninni ber að færa reikninga í gjörðabók, — sem henni er skylt að halda, svo og samþykktir félagsins, félagsskrá, gjaldskrá, fundargerðir og bréf.

8. gr.

Arði af sameiginlegri veiði hvernar deildar skal skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá. Félagsmenn greiði gjöld til félagsins í hlutfalli við töku arðs. Félagsgjöld skal ákveða á aðalfundi.

9. gr.

Stjórn hvernar deildar skipa þrír menn og eru kosnir á aðalfundi deildarinnar, til þriggja ára í senn og gengur einn úr árlega. Einnig skal kjósa jafnmarga varamenn. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum. Varaformaður sé einn af stjórnarmönnum.

10. gr.

Stjórnir deilda hafa á hendi allar framkvæmdir þeirra milli aðalfunda. Sömu reglur gilda um stjórn þeirra og um stjórn félagsins sbr. 5. gr. Óheimilt er öllum að veiða á veiðisvæði deildarinnar nema með sérstöku skriflegu leyfi deildarstjórnarinnar. Í leyfinu skal tekið fram um veiðitíma, veiðitæki og með hvaða kjörum leyfið er veitt.

11. gr.

Aðalfund deilda skal halda eigi síðar en í febrúarmánuði ár hvert. Skal hann boðaður á sama hátt og fundir í veiðifélaginu. Sama gildir um aukafundi sbr. 56. gr. laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði.

12. gr.

Á aðalfundi deilda skal ákveðið, hvernig ráðstafa skal veiði á deildarsvæðinu. Vanræki deild að ráðstafa veiði eða hluta hennar samkv. þessari grein, er stjórn félagsins heimilt að leigja veiðina einstökum mönnum eða félögum, en þó ekki til lengri tíma en eins árs í senn. Ef deila rís milli stjórnar deilda og félagsstjórnar má vísa málinu til aðalfundar félagsins til úrskurðar.

13. gr.

Reikningsár deilda er hið sama og félagsins, og ber að haga reikningshaldi, skráningu fundargerða o. fl. á sama hátt og ákveðið er í 7. gr.

14. gr.

Verkefni deilda er að sjá um skiptingu á veiði, leigja út veiði, innheimta greiðslur fyrir og skipta arði milli félagsmanna samkvæmt arðskrá félagsdeildarinnar. Þá skulu þær annast greiðslur til veiðifélagsins í sama hlutfalli og arður er greiddur.

Endurskoðaða reikninga deilda skal leggja fyrir aðalfund þeirra til samþykktar og síðan fyrir aðalfund í veiðifélaginu og úrskurðar fundurinn um þá.

15. gr.

Brot á samþykkt þessari varðar sektum samkvæmt lögum um lax- og silungsveiði.

Samþykkt þessi staðfestist samkvæmt lögum nr. 76 25. júní 1970, um lax- og silungsveiði, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 30. janúar 1975.

Halldór E. Sigurðsson.

Ragnheiður Árnadóttir.

Viðauki:

Jarðir í Veiðifélaginu Orri.

Laxárdeild.

Hjaltabakki, Húnsstaðir, Árholt, Holt, Laxholt, Röðull, Sauðanes, Laxabrekka, Mánafoos, Hurðarbak, Hurðarbak 2, Hamrakot, Blönduóshreppur, Skinnastaðir.

Laxárvatnsdeild.

Sauðanes, Röðull, Laxabrekka, Mánafoos, Hamrakot, Kaldakinn, Kaldakinn 2, Kaldakinn 3, Grænuhlíð, Smyrlaberg, Kagaðarhóll, Tindur, Orrastaðir.

Svínavatnsdeild.

Mosfell, Geithamrar, Grund, Syðri-Grund, Snæringssstaðir, Ljótshólar, Gafl, Hrafnabjörg, Rútsstaðir, Holt, Brúarvellir, Auðkúla I, Auðkúla II, Auðkúla III, Litlidalur, Stóridalur, Stekkjardalur, Svínavatn, Svínavatn II, Sólheimar, Litla-Búrfell, Stóra-Búrfell, Stóra-Búrfell II, Tindar, Auðkúluheiði, Sléttárdalur, Orrastaðir, Reykir.

Nr. 35.

22. janúar 1975.

SAMÞYKKT

um hundahald í Hofsóshreppi.

1. gr.

Hundahald er bannað í Hofsóshreppi.

2. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að veita einstaklingum búsettum í hreppnum, undanþágu til hundahalds með eftirfarandi skilyrðum:

- Hundurinn skal skráður á skrifstofu hreppsins, og þar fær eigandi hundsins afhenta merkta plötu, sem jafnan skal vera í ól um háls hundsins.
- Árlega skal sveitarsjóði greitt leyfisgjald fyrir þá hunda, sem undanþága er veitt fyrir. Gjaldið sem sveitarstjórn ákveður fyrir eitt ár í senn, skal renna til þess að standa straum af kostnaði við eftirlit með hundum í hreppnum, og skal upphæð þess við það miðuð.